

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita  
Sólveig Olga Sigurðardóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. maí 2023  
UST202305-186/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Minni-Ólafsvellir, Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða – og Gnúpverjahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Minni – Ólafssvelli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er samtals 5,0 ha að stærð og innan þess er gert ráð fyrir núverandi byggðingum svæðisins auk gestahúsum og hesthúsi. Skilgreindir eru fjórir byggingarreitir innan skipulagssvæðisins og tilgreindar eru byggingarheimildir innan þeirra. Deiliskipulagið er í samræmi við heimildir aðalskipulags er varðar uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

#### **Þjósárhraun**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðinu sé lýst í tillögunni. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skipulagssvæðið er á Þjósárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni og tekið tillit til þess ef einhverjar jarðmyndanir eru að finna á skipulagssvæðinu.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að koma fram að tillagan séu í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**